

Íslandssjóðir hf. – Árshlutauppgjör 2016

Stjórn Íslandssjóða hf., sem rekur verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði, hefur staðfest árshlutareikning félagsins fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2016.

Afkoma Íslandssjóða hf. fyrstu sex mánuði ársins 2016

- Árshlutareikningi félagsins er skipt í tvo hluta, A-hluta sem inniheldur árshlutareikning Íslandssjóða og B-hluta sem inniheldur árshlutareikning verðbréfa- og fjárfestingarsjóða. Þessi framsetning á reikningnum er í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.
- Hagnaður rekstrarfélagsins eftir skatta fyrstu 6 mánuði ársins 2016 er 46 m.kr. samanborið við 138 m.kr. fyrir sama tímabil árið áður.
- Rekstrargjöld námu 509 m.kr. samanborið við 556 m.kr. fyrir sama tímabil árið áður og lækkuðu um 8,4%.
- Hreinar rekstrartekjur námu 567 m.kr. samanborið við 728 m.kr. fyrir sama tímabil árið áður, lækkuðu um 22,1%.
- Eigið fé 30. júní 2016 nam 2.043 m.kr. en var 2.395 m.kr. í ársbyrjun.
- Heildareignir félagsins 30. júní 2016 námu 2.635 m.kr. en voru 2.994 m.kr. í árslok 2015.
- Eiginfjárlutfall félagsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, var 58,9% í lok júní, en þetta hlutfall má ekki vera lægra en 8,0%.
- Í lok júní 2016 voru 25 sjóðir í rekstri hjá félaginu og nam hrein eign þeirra 97.060 milljónum króna samanborið við 126.628 m.kr. í lok árs 2015. Þar af eru 12 verðbréfasjóðir með hreina eign að upphæð 53.648 milljónir króna og 13 fjárfestingarsjóðir með hreina eign að upphæð 43.412 milljónir króna.
- Árshlutareikningurinn hefur verið kannaður af Ernst & Young ehf. en við könnun kom ekkert fram sem bendir til annars en að reikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins og sjóðanna á fyrstu 6 mánuðum ársins 2016.
- Á fyrri hluta ársins störfuðu að meðaltali 12,7 starfsmenn hjá Íslandssjóðum. Framkvæmdastjóri félagsins er Haraldur Örn Ólafsson.

Lykiltölur í m.kr.

	6 mán. 2016	6 mán. 2015
Hreinar rekstrartekjur	567	728
Rekstrargjöld	509	556
Hagnaður fyrir skatta	58	172
Hagnaður eftir skatta	46	138
Eigið fé	2.043	2.001

Afkoma verðbréfasjóða Íslandssjóða fyrstu sex mánuði ársins

- Hagnaður verðbréfasjóða Íslandssjóða færður á hlutdeildarskírteini á fyrstu 6 mánuðum ársins nam 160 m.kr. samanborið við 3.562 m.kr. hagnað fyrstu sex mánuði ársins 2015.
- Hrein eign verðbréfasjóða Íslandssjóða nam 53.648 m.kr. samanborið við 83.528 m.kr. í árslok 2015.

Lykiltölur í m.kr.

	IS Veltusafn	Ríkissafn	IS Meðallöng ríkisskuldabréf - Sjóður 5	IS Löng ríkisskuldabréf - Sjóður 7
Hagnaður (tap) tímabilsins	79	102	194	(88)
Hrein eign í lok tímabilsins	2.856	4.591	22.128	20.834

	IS Úrvalsvísitölu-sjóðurinn	IS Heimssafn	IS Eignasafn	IS Eignasafn – Ríki og sjóðir
Hagnaður (tap) tímabilsins	(30)	(80)	6	5
Hrein eign í lok tímabilsins	640	868	1.034	539

	Sjóður 1A	Sjóður 1B	Sjóður 11A	Sjóður 11B	Samtals verðbréfasjóðir
Hagnaður (tap) tímabilsins	(9)	(14)	(2)	(3)	160
Hrein eign í lok tímabilsins	59	92	3	5	53.648

Afkoma fjárfestingarsjóða Íslandssjóða fyrstu sex mánuði ársins

- Hagnaður fjárfestingarsjóða Íslandssjóða færður á hlutdeildarskírteini fyrstu sex mánuðina nam 310 m.kr. samanborið við 1.934 m.kr. hagnað fyrstu 6 mánuðina 2015.
- Hrein eign fjárfestingarsjóða Íslandssjóða nam 43.412 m.kr. samanborið við 43.100 m.kr. í árslok 2015.

Lykiltölur í m.kr.

	IS Lausafjársafn	Skuldabréfasafn Íslandssjóða	IS Óverðtryggður sjóður	IS Sértryggður sjóður	IS Sértryggður VTR sjóður
Hagnaður (tap) tímabilsins	432	54	30	15	18
Hrein eign í lok tímabilsins	15.214	2.341	2.727	1.831	2.025

	Fókus - vextir	IS Hlutabréfa- sjóðurinn	IS Einkasafn A	IS Einkasafn B	IS Einkasafn C
Hagnaður (tap) tímabilsins	37	(317)	3	7	21
Hrein eign í lok tímabilsins	4.018	10.207	272	876	2.666

	IS Einkasafn D	IS Einkasafn E	Fyrirtækja- sjóðurinn	Samtals fjárfestingarsjóðir
Hagnaður (tap) tímabilsins	5	3	1	310
Hrein eign í lok tímabilsins	897	334	4	43.412

Árshlutareikningur félagsins er aðgengilegur á heimasíðu félagsins: www.islandssjodir.is.

Nánari upplýsingar um árshlutareikning Íslandssjóða hf. veitir Haraldur Örn Ólafsson, framkvæmdastjóri félagsins í síma 440-4593